

65. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 18. desember 2024 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sædis Ólöf Þórsdóttir og Freyja Ragnarsdóttir Pedersen.

Forföll boðuðu Elísabet Gunnarsdóttir og Tryggvi B Bjarnason. Sif Huld Albertsdóttir var boðuð fyrir Elísabetu en gat ekki setið fundinn. Freyja Ragnarsdóttir Pedersen situr fundinn sem varamaður Tryggva í stjórn.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði fundargerð. Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála sat fundinn undir lið 6. Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

- 1. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2025**
- 2. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029, samningur og minnisblað um Uppbyggingarsjóð**
- 3. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða**
- 4. Stefnur Vestfjarðastofu**
- 5. Samningur Vestfjarðastofu við Ferðamálastofu**
- 6. Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum – skýrsla í drögum**
- 7. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 8. Skipan Úrgangsráðs Vestfjarða – Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum**
- 9. Fundargerðir til kynningar**
 - a. Fundargerð 114. fundar stjórnar SSNV
 - b. Fundargerð 115. fundar stjórnar SSNV 4. desember 2024
 - c. Fundargerð 67. fundar SSNE 5. nóvember 2024 & fundargerð 68. fundar SSNE 25.11
 - d. Haustþing SSNE 4. október 2024
 - e. 155. stjórnarfundur Austurbrúar 22. nóvember 2024
 - f. 6. Fundur stjórnar SSA 22. nóvember 2024
 - g. Ársþing SASS. 31. október og 1. nóvember 2024
 - h. 806. fundur stjórnar SSS
 - i. 590. Fundur stjórnar SSH 18. nóvember 2024
 - j. 184. Fundur stjórnar SSV

Fundur stjórnar FV

- 1. Starfsáætlun FV 2025**
- 2. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV**
 - a. Árneshreppur
 - b. Strandabyggð
- 3. Minnisblað vegna kvótasetningar grásleppu**

4. Minnisblað um stöðu farnetsuppbyggingar

5. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis (engin mál fyrirbyggjandi)
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt (engin mál fyrirbyggjandi)
- c. Afrakstur umsagna.
 - i. kílómetragjald á ökutæki
- d. Umsagnarbeiðnir (engin mál fyrirbyggjandi)
- e. Umsagnir til skoðunar
 - i. Heilbrigðisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 238/2024, „Drög að stöðumati á lyfjafræðilegri þjónustu íslenskra apóteka í samanburði við nágrannalönd og tillögur“.
 - ii. Umhverfis,- orku-, og loftslagsráðuneytið kynnir skýrslu um endurskoðun á lögum um rammaáætlun (lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun).
 - iii. Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 229/2024, „Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna“.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og kannaði hvort athugasemdir væru við dagskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Formaður bauð Freyju velkomna til fundar en hún situr hér sinn fyrsta stjórnarfund í forföllum Tryggva.

Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2025

Formaður og framkvæmdastjóri kynnti tillögu um afgreiðslu á Starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2025. Tillagan hefur legið frammi í aðdraganda fundarins, óskað var eftir ábendingum og athugasemdum frá stjórn.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Sædís

Tillaga um samþykkt starfsáætlunar borinn upp og samþykkt samhljóða.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029, samningur og minnisblað um Uppbyggingarsjóð

Lagður fram samningur Fjórðungssambands Vestfirðinga, innviðaráðuneytis, menningar og viðskiptaráðuneytis og umhverfis, orku og loftslagsráðuneytis um Sóknaráætlun Vestfjarða 2024 – 2029. Málið er lagt fram á fundi Vestfjarðastofu þar sem Fjórðungssambandið felur Vestfjarðarstofu að framfylgja efni samningsins.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Freyja,

Óskað er heimildar stjórnar að undirrita samninginn. Tillaga borin upp og samþykkt samhljóða.

Lagt fram minnisblað til stjórnar um endurskoðun úthlutunarreglna Uppbyggingarsjóðs.

Í minnisblaðinu er gerð tillaga um stofnun starfshóps starfsmanna og stjórnar um endurskoðun til að fara yfir reglur sjóðsins. Til máls tóku Aðalsteinn, Sædís, Gylfi.

Fram kom tillaga um að Lilja og Dagný skipi starfshópinn með starfsmanni Vestfjarðastofu.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

3. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið.

Framkvæmdastjóri kynnti efni tillögu að áhersluverkefnum fyrir árið 2025, hluti verkefna ná einnig til árana 2026 og 2027. Áhersluverkefni eiga öll tilvísun í markmið og áherslur nýrrar Sóknaráætlunar.

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða			
Verkefni	2025	2026	2027
Svæðisskipulag Vestfjarða	15.000.000	4.000.000	
Uppbygging og fjárfestingar	7.500.000	7.500.000	7.500.000
Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin	7.500.000	7.500.000	7.500.000
Blámi	10.000.000	10.000.000	
Ungmennahúsið	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Verkefni á sviði farsældar og inngildingar	4.000.000	2.500.000	
Sólmyrkvi 2026	2.000.000	2.000.000	
Samfélag, Auðlindir, orka og innviðir	6.000.000	6.000.000	
	53.000.000	40.500.000	16.000.000

Óráðstafað er 1,9 mkr og mun stjórn taka síðar afstöðu um ráðstöfun.

Til máls tóku Gylfi og Gauti

Formaður gerði tillögu um að tillagan verði samþykkt óbreytt. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Stefnur Vestfjarðastofu

Formaður kynnti að (siðareglur, persónuvernd, jafnréttisstefna, áreitni, einelti, ofbeldi (til afgreiðslu))

Starfsháttanefnd fjallaði um efni tillagnanna á fundi 17. desember 2024 og óskaði viðbragða stjórnar um siðareglur stjórnar en breyta þarf samþykktum Vestfjarðastofu til að þær hafi gildi.

Starfsháttanefnd leggur til að samþykkja siðareglur fyrir starfsmenn, reglur um persónuvernd, jafnréttisstefnu og stefnu um áreitni, einelti og ofbeldi.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja tillögu Starfsháttanefndar og fela framkvæmdastjóra að undirbúa tillögu að breytingu á samþykktum Vestfjarðastofu í samstarfi við Starfsháttanefnd. Tillagan samþykkt samhljóða.

Til máls tóku Gylfi og Magnús

5. Samningur Vestfjarðastofu við Ferðamálastofu

Lagður fram samningur Vestfjarðastofu við Ferðamálastofu. Samningurinn er samhljóða samningum Ferðamálastofu við markaðs- og áfangastofur landshlutanna og er til þriggja ára.

Óskað er heimildar stjórnar til framkvæmdastjóra að staðfesta samninginn við Ferðamálastofu.

Til máls tóku Gylfi og Sigríður.

Formaður gerði tillögu að heimila framkvæmdastjóra að staðfesta samninginn. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

6. Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum – skýrsla í drögum

Mættur til fundar Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu. Formaður gaf Hjörleifi orðið.

Hjörleifur skýrði aðdraganda verkefnisins. Umhverfisráðuneytið veitti styrk til stofnunar spretthópa í loftlagsmálum um hvernig fyrirkomulag ætti að vera setningu markmiða um hvernig vinna eigi að verkefnum um kolefnisjöfnun á Vestfjörðum. Samið var við Verkís til að koma að verkefninu með sérfræðingum Vestfjarðastofu.

Hjörleifur kynnti efni og umfjöllun í drögum að skýrslu um kolefnisjöfnun sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Til máls tóku Gylfi, Sædís, Gauti, Hjörleifur, Aðalsteinn, Freyja og Sigríður.

Rætt um möguleika á Vestfjörðum til kolefnisjöfnunar og hvaða verkefni gæti verið vænlegust til árangurs. Hröð þróun er í vottun aðferða við kolefnisjöfnun og aukin tækifæri eru að skapast fyrir markað um kolefniseiningar. Einnig bent á mikilvægi þessa máls við vinnu að Svæðisskipulagi Vestfjarða.

Formaður gerði eftirfarandi tillögur:

- *Lagt til að skýrslan verði gefin út í ljósi umræðu á fundinum og haldin verði kynning á efni skýrslunnar.*
- *Skýrslan verði lögð fram á vettvangi Svæðisskipulags Vestfjarða.*
- *Haldið verði áfram með greiningu á möguleikum á endurheimt votlendis á Vestfjörðum og ráðgjöf að hálfu Vestfjarðastofu.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra. Til máls tóku Sædís og Gylfi.

8. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 114. fundar stjórnar SSNV https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/fundargerð_114.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- b. Fundargerð 115. fundar stjórnar SSNV 4. desember 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð_115.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- c. Fundargerð 67. fundar SSNE 5. nóvember 2024 & fundargerð 68. fundar SSNE 25. Nóvember í gögnum á TEAMS.
- d. Haustþing SSNE 4. október 2024 - https://www.ssne.is/static/files/Arstthing/2024-09/thinggerð_haustthing2024.pdf
- e. 155. stjórnarfundur Austurbrúar 22. nóvember 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/12/155.-stjornarfundur-Austurbruar-22.-november-2024.pdf>
- f. 6. Fundur stjórnar SSA 22. nóvember 2024
- g. <https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/12/6.-stjornarfundur-SSA-22.-november-2024.pdf>
- h. Ársþing SASS. 31. október og 1. nóvember 2024
<https://www.sass.is/adalfundargerð-arsthings-sass-2024/>
- i. 806. fundur stjórnar SSS
<https://sss.is/skjol/806-fundur-stjornar-s-s-s/>
- j. 590. Fundur stjórnar SSH 18. nóvember 2024
<https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdirhttps://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>
- k. 184. Fundur stjórnar SSV
<https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/11/184-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>

Gauti, Sædís og Lilja viku af fundi.

Fundur stjórnar FV

1. Starfsáætlun FV

Lögð fram tillaga að starfsáætlun Fjórðungssambands.

Formaður gaf Aðalsteini og Sigríði orðið og kynntu þau efni starfsáætlunar. Fram kom að starfsáætlunin verði tekin ársfjórðungslega til umræðu í stjórn.

Formaður lagði fram tillögu um staðfestingu starfsáætlunar. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV

a. Árneshreppur

Lagður fram tölvupóstur frá oddvita Árneshrepps um skipan Arinbjarnar Bernharðssonar sem áheyrnarfulltrúa í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

b. Strandabyggð

Lagður fram tölvupóstur um endurskipan Matthíasar Sævars Lýðssonar sem áheyrnarfulltrúa í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

3. Minnisblað vegna kvótasetningar grásleppu

Lagt fram minnisblað sem Vestfjarðastofa hefur tekið saman um þróun veiðistjórnunar á grásleppu og áhrifa á gildistöku laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands lög 79/1997 og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) lög 116/2006.

Til máls tóku Gylfi, Hildur, Freyja og Magnús.

Stjórn þakkar vinnu sérfræðinga Vestfjarðastofu og ákveður að efni minnisblaðs verði kynnt sveitarstjórnnum.

4. Minnisblað um stöðu farnetsuppbyggingar

Lögð fram drög að minnisblaði um stöðu farnetsuppbyggingar á Vestfjörðum, sem eftirfylgni á efni Fjarskiptaáætlunar Vestfjarða (apríl 2024) og stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu farnets á stofnvegum fyrir árslok 2026.

Til máls tóku Aðalsteinn, Gylfi, Dagný og Freyja.

Tillaga lögð fram um bókun:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga harmar þá ákvörðun stjórnvalda að skera af fjármagn sem ætlað var til uppbyggingar farnets á stofnvegum og fara því gegn markmiðum í samþykkttri Fjármálaáætlun 2025-2029. Tilgreint fjármagn var ætlað til samstarfs ríkisins (Öryggisfjarskipta ehf.) með fjarskiptafyrirtækjum og ljúka uppsetningu nauðsynlegra senda fyrir árslok 2026.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á að nú verða fjarskiptafyrirtækin ein með uppbyggingu farnetsins og vænta má að verkefninu seinki verulega. Stjórnvöld eru því hér ábyrg að viðhalda óöryggi vegfarenda á stofnvegum á Vestfjörðum til óljósar framtíðar jafnt á farneti sem og Tetrakerfi viðbragðsaðila.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á komandi ríkisstjórn að snúa þessari ákvörðun og veita heimild í fjárukalögum 2025 til að setja fjármagn að nýju í verkefnið. Á Vestfirðum er um að ræða 24 senda sem þarf að byggja upp auk viðbótarbúnaðar fyrir Tetrakerfi. Verði ákvörðun um niðurskurð ekki snúin, verður að tryggja að þau verkefni sem fara af stað á vegum fjarskiptafyrirtækja verði forgangsraðað á Vestfirði.

Tillaga samþykkt samhljóða.

5. Skipan Úrgangsráðs Vestfjarða – Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfirðum

Lagt fram minnisblað með tillögu um skipan Úrgangsráðs Vestfjarða á grundvelli samþykkis allra sveitarfélaga á Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfirðum.

Lögð fram drög að bréfi til sveitarfélaga um skipan Úrgangsráðs Vestfjarða. Þar kemur meðal annars fram:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekur athygli sveitarfélaga á að úrgangsráðið er vinnuhópur og hefur ekki umboð til að taka bindandi ákvarðanir fyrir sveitarfélögin eða samstarf þeirra. Því vill stjórn Fjórðungssambandsins beina því til sveitarfélaga að í hópinn veljist fulltrúar sem treysta má að geti fylgt málum eftir í sínu sveitarfélagi og hafi umboð til að tala máli sveitarfélagsins í úrgangsmálum innan Úrgangsráðs Vestfjarða.

Til máls tóku Gylfi, Sigríður og Aðalsteinn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis (engin mál fyrirbyggjandi)
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt (engin mál fyrirbyggjandi)
- c. Afrakstur umsagna.
 - i. kílómetragjald á ökutæki

Gögn lögð fram til kynningar. Ákveðið að aðhafast ekki meira í bili.

- d. Umsagnarbeiðnir (engin mál fyrirbyggjandi)
- e. Umsagnir til skoðunar
 - i. Heilbrigðisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 238/2024, „Drög að stöðumati á lyfjafræðilegri þjónustu íslenskra apóteka í samanburði við nágrannalönd og tillögur“. Umsagnarfrestur er til og með 06.01.2025. [Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Lagt fram til kynningar og samþykkt að gera ekki umsögn.

- ii. Umhverfis,- orku-, og loftslagsráðuneytið kynnir skýrslu um endurskoðun á lögum um rammaáætlun (lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun). Umsagnarfrestur er til og með 1. febrúar.2025. <https://samradapi.island.is/api/Documents/d54741da-cab7-ef11-9bc8-005056bcce7e>

Lagt fram til kynningar en verði tekið að nýju fyrir stjórnarfund í janúar og lögð áhersla á að skoða áhrifa tillagna frumvarpsins á framgang orkuverkefna á Vestfjörðum.

- iii. Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 229/2024, „Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna“. Umsagnarfrestur er til og með 03.01.2025. <https://island.is/samradsgatt/mal/3868>

Lagt fram til kynningar og komi að nýju til umræðu á fundi í janúar og leitað verði sjónarmiða Reykhólahrepps og Strandabyggðar, þegar kemur að 12 vikna umsagnarfresti.

Fleira ekki gert, fundi slitið 14:18.